

Fundargerð faghóps iðjuþjálfar í starfsendurhæfingu

Fundurinn var haldinn í fundarsal BHM í Borgartúni, 7. apríl 2010 – stofnfundur faghópsins

Mættir á fundinn voru: Siggi, Sif, Unnur, Hrefna (í símasambandi frá Vestmannaeyjum), Harpa (í símasambandi frá Ísafirði), Sólveig og Rúna Einars.

Praktísk atriði

Mál voru tekin fyrir í upphafi þar sem talað var um hvenær væri hentugast að vera með fundi og hversu oft ætti að funda. Niðurstaðan var sú að best væri að vera með hádegisfundi sem væru auglýstir með löngum fyrirvara, þannig að það væri hægt að undirbúa síma – eða netfundi þar sem iðjuþjálfar utan af landi gætu tekið þátt.

Flestir voru sammála um það að nóg væri að hittast ca 4x á ári.

Almenn atriði

Hvað markmið hópsins og tilgang varðar fórum við í gegnum nokkur áhugaverð atriði sem væri upplagt að velta fyrir sér í þessum hóp. Þetta eru atriðin sem send voru út í fundarboðinu.

- Byggja upp tengslanet og stofna faghópinn
 - Nota heimasíðuna til setja inn upplýsingar um fundina sem og fundargerðir – senda fyrstu fundargerðina á formann félagsins.
- Hvar vinna iðjuþjálfar í starfsendurhæfingu og hvert er þeirra sérsvið
 - Ræddum aðeins styrkleika iðjuþjálfar í starfsendurhæfingu og að það væri gaman að fá nánari kynningar á þeim störfum sem iðjuþjálfarnir í hópnum eru að sinna.
- Hvaða mælitæki eru notuð af iðjuþjálfun á Íslandi í starfsendurhæfingu
 - Talað var um þau matstæki sem voru í notkun hjá fundarmönnum, en það eru m.a. WRI, COPM, ASEBA, einnig var talað um að gaman væri að kynnast nánar AWP o.fl.
- Koma á tengingu við önnur lönd við iðjuþjálfar sem starfa á þessum vettvangi
 - Nýta ferðina og tenginguna sem við náðum að koma á með ferðinni til Finnlands. Fá nánari upplýsingar frá t.d. Danmörku þar sem formaður félagsins þar er að vinna í að búa til „Back to work“ paper, þar sem fjallað er um áherslur iðjuþjálfar í starfsendurhæfinu í Danmörku. Siggi ætlar að fá nánari upplýsingar.
 - Einnig talað um að setja sig í betra samband við þá aðila sem voru á fundinum í Finnlandi.

- Fleiri hugmyndir frá iðjupjálfun sem yrðu í hópnum
 - Upplýsingar um bækur og efni sem hægt er að nálgast
 - Occupational therapy and vocational rehabilitation, bók eftir Joanne Ross <http://www.amazon.co.uk/Occupational-Therapy-Vocational-Rehabilitation-Joanne/dp/>
 - Safna meiri upplýsingum um efni.

Ákveðið var að næsti fundur yrði 27. maí kl. 12 í fundarsal BHM í Borgartúni 6.

Búið er að panta salinn, og síðan þarf einhver að taka að sér að láta senda út fundarboð í vikunni áður og svo rétt fyrir.

Þessi fundargerð er einnig send á formann félagsins, þannig að hún getur komið upplýsingum inn á heimasíðu félagsins.

Sigurðu Þór Sigursteinsson